


Verkefnahugmyndir fyrir kennara

„Örugg heima“

TILLAGA AÐ LOKAVERKEFNI:

Hér er að finna tillögu fyrir kennara að lokaverkefni sem gæti hentað til að nota eftir að bekkurinn hefur séð myndirnar og klárað verkefnin sem tilheyra þemanu „Örugg heima“.

Verkefnið er kennarastýrt.



Ábending:

Þetta verkefni getur hjálpað nemendum að tjá sig um það sem þeim finnst ábótavant í bekkjarumhverfinu. Fylgstu með því sem nemendur segja, talaðu við þau á meðan á verkefninu stendur og hlustaðu á hugleiðingar þeirra.

Verkefni: Fullorðnir til að treysta

Efni: Autt veggspjald

Markmið: Að gera nemendur meðvitaða um fullorðna í nærumhverfi þeirra, sem þeir geta treyst á og talað við.

Tími: Um það bil 20–30 mínútur

Framkvæmd:

1. Skiptu nemendum í hópa eða námspör.
2. Minntu nemendur á að fullorðnir eiga alltaf að hjálpa börnum ef þau eiga í erfiðleikum, líka ef börn hafa gert eitthvað sem þau hefðu ekki átt að gera eða sjá eftir.
3. Rifjaðu upp með bekknum það sem gerðist þegar Adrian og Jónas fóru til skólahjúkrunarfræðingsins. Varpaðu fram eftirfarandi spurningu: „Hugsið um fullorðna fólkið í kringum ykkur. Á hverja getið þið treyst og við hverja getið þið talað ef þið eigið erfitt?“
4. Leyfðu nemendum að ræða spurninguna í hópunum eða námspörunum í nokkrar mínútur.
5. Ræðið niðurstöður hópanna/námssparanna í bekknum. Það getur verið að nemendur nefni fyrst fullorðna sem þeir þekkja. Skrifið gjarna alla sem börnin nefna á veggspjald eða á töfluna, eða leyfið nemendum að útbúa sína eigin lista.
6. Það getur auk þess verið gott að leiða samtöl nemendanna í átt að því að það sé til fullorðið fólk sem sérhæfir sig í að hjálpa börnum. Sem dæmi má nefna sjálfboðaliða Hjálparsímans, starfsfólk Neyðarlínunnar og skólahjúkrunarfræðinga. Leyfið nemendum að nefna þær leiðir til hjálpar sem þeir þekkja og skrifið þær á veggspjald.
7. Þegar listinn er tilbúinn er hægt að hengja hann upp í bekknum og minna börnin þannig á til hverra þau geta leitað.

Endið gjarna með að segja eitthvað í þessa átt:

„Skólahjúkrunarfræðingurinn hlustaði á Jónas og Adrian. Stundum hlusta fullorðnir ekki á börn eða trúa ekki því sem þau segja. Þá er hægt að reyna einu sinni enn, eða leita til annarrar fullorðinnar manneskju sem hlustar á þig og getur hjálpað þér.“

Ráð:

Sum börn hafa í nánasta umhverfi sínu einhverja fullorðna sem þau treysta og geta trúað fyrir slæmum og erfiðum hlutum.

Önnur vilja kannski frekar tala fyrst við einhvern sem þau þekkja ekki.

Á Íslandi er Hjálparsíminn opinn öllum. Þangað geta öll börn og unglingar sem þurfa hjálp og ráð leitað. Fólkið sem svarar í Hjálparsímann eru fullorðnir sem hægt er að teystar sem geta gefið börnum og unglingum sem verða fyrir hvers konar ofbeldi eða eiga í annars konar vanda ráð. Það sama á við um Neyðarlínuna og starfsfólk hennar.

Leyfið nemendum að nota tölvu eða spjaldtölvu til að finna heimasíðu Hjálparsímans og Neyðarlínunnar og kynna sér það sem þar er að finna og hvernig hægt er að hafa samband (í síma og netspjalli). Ef nettengd tæki eru ekki tiltæk, þá getur kennari sýnt heimasíðurnar á sameiginlegum skjá, eða prentað út skjáskot af heimasíðunum og upplýsingar þaðan.

Skrifið símanúmerin á áberandi stað og minnið nemendur á að það er líka hægt að nota netspjall ef það hentar ekki að hringja.

Hjálparsíminn 1717 og netspjall 1717.is <https://www.112.is/>